



*Hulda Baldvinsdóttir*



Fædd 18. október 1934

Dáin 13. janúar 2022

Útför frá Akureyrarkirkju fimmtudaginn 27. janúar kl. 13:00

Jarðsett verður í kirkjugarðinum á Naustahöfða

# Færspil

Ave María

Franz Schubert



## Signing og bæn



### Hærra, minn Guð, til þín

Hærra, minn Guð, til þín,  
hærra til þín,  
enda þótt öll sé kross  
upphæðin mín.

Hljóma skal harpan mín:  
;: Hærra, minn Guð, til þín, ;:  
hærra til þín.

Sofanda sýndu þá  
sólstígas braut  
upp í þitt eilífa  
alföðurskaut.

Hljómi svo harpan mín:  
;: Hærra, minn Guð, til þín, ;:  
hærra til þín.

Villist ég vinum frá  
veg móður einn,  
köld nóttin kringum mig,  
koddinn minn steinn,  
heilög skal heimvön mín.  
;: Hærra, minn Guð, til þín, ;:  
hærra til þín.

Árla ég aftur rís  
ungur af beð.  
Guðs hús á grýttri braut  
glaður ég hleð.  
Hver og ein hörmung mín  
hefur mig, Guð, til þín,  
hærra, minn Guð, til þín  
hærra til þín.

Lyfti mér langt í hæð  
lukkunnar hjól,  
hátt yfir stund og stað,  
stjörnur og sól,  
hljómi samt harpan mín:  
;: Hærra, minn Guð, til þín, ;:  
hærra til þín.

*Lowell Mason - Adams - Matthías Jochumsson.*

## Ritningarlestur



## Tvær Stjörnur

Tíminn flýgur áfram og hann teymir mig á eftir sér  
og ekki fæ ég miklu ráðið um það hvert hann fer.  
En ég vona bara að hann hugsi svolítið hlýlega til mín  
og leiði mig á endanum aftur til þín.

Ég gaf þér forðum keðju úr gulli um hálsinn þinn,  
svo gleymdir þú mér ekki í dagsins amstri nokkurt sinn.  
Í augunum þínum svörtu horfði ég á sjálfan mig um hríð  
og ég vonaði að ég fengi bara að vera þar alla tíð.

Það er margt sem angrar en ekki er það þó biðin  
því ég sé það fyrst á rykinu, hve langur tími er liðin.  
Og ég skrifa þar eitthvað með fingrinum sem skiptir öllu máli.  
Því að nóttin mín er dimm og ein og dagurinn á báli.

Já, og andlitið þitt málað. Hve ég man það alltaf skýrt,  
augnlínur og bleikar varir, brosið svo hýrt.  
Jú ég veit vel, að ókeypis er allt það sem er best,  
en svo þarf ég að greiða dýru verði það sem er verst.

Ég sakna þín í birtingu að hafa þig ekki við hlið mér  
og ég sakna þín á daginn þegar sólin brosir við mér.  
Og ég sakna þín á kvöldin þegar dimman dettur á.  
En ég sakna þín mest á nóttinni er svipirnir fara á stjá.

Svo lít ég upp og ég sé við erum saman þarna tvær  
stjörnur á blárri festingunni sem færast nær og nær.  
Ég man þig þegar augu mín eru opin, hverja stund.  
En þegar ég nú legg þau aftur, fer ég á þinn fund.

*Megas.*



## Ritningarlestur



### Sem lindin tær

Ó hve gott á lítil lind,  
leika frjáls um hlíð og dal,  
líða áfram létt sem hind,  
líta alltaf nýja mynd,  
lauma kossi' á kaldan stein,  
kastast áfram tær og hrein.

Ég vildi að ég væri eins og þú  
og vakað gæti bæði daga og nætur,  
þá öllu skyldi kveða óð um unað, ást og trú,  
sem aldrei bregst, en hugga lætur.  
Já, ef ég mætti lifa eins og lindin silfurtær,  
sem lög á sína undrastrengi slær.

Hvísla ljóði' að grænni grein,  
glettast ögn við lítil blóm,  
lauma kossi á kaldan stein,  
kastast áfram tær og hrein.

Ég vildi að ég væri eins og þú  
og vakað gæti bæði daga og nætur,  
þá öllu skyldi kveða óð um unað, ást og trú,  
sem aldrei bregst, en hugga lætur.  
Já, ef ég mætti lifa eins og lindin silfurtær,  
sem lög á sína undrastrengi slær.

*Franco Cassano & Corrado Conti - Bjarki Árnason.*



## Guðspjall



## Rósin

Undir háu hamrabelti  
höfði drúpir lítil rós,  
þráir lífsins vængjaviddir,  
vorsins yl og sólarljós.  
Ég held ég skynji hug þinn allan,  
hjartasláttinn, rósin mín,  
er kristaltærir daggardropar  
drjúpa milt á blöðin þín.

Æsku minnar leiðir lágu  
lengi vel um þennan stað,  
krjúpa niður, kyssa blómið,  
hversu dýrðlegt fannst mér það.  
Finna hjá þér ást og unað,  
yndislega rósin mín.  
Eitt er það sem aldrei gleymist,  
aldrei, það er minning þín.

*Friðrik Jónsson - Guðmundur G. Halldórsson.*

## Minningarorð



### Í fjarlægð

Þig, sem í fjarlægð fjöllin bak við dvelur  
og fagarar vonir tengir líf mitt við,  
minn hugur þráir, hjartað ákaft saknar,  
er horfnum stundum ljúfum dvel ég hjá.  
Heyrirðu ei, þig hjartað kallar á?  
Heyrirðu ei storm, er kveðju mína ber?  
Þú fagra minning eftir skildir eina,  
sem aldrei gleymist, meðan lífs ég er.

*Karl O. Runólfsson - Valdimar Hólm Hallstað.*



## Bæn



### Hvert örstutt spor

Hvert örstutt spor var auðnuspor með þér, hjá undri því, að líta lítinn fót  
- hvert andartak er tafðir þú hjá mér í litlum skóm, og vita að heimsins grjót  
var sólskinsstund og sæludraumur hár, svo hart og sárt er honum fjarri enn,  
minn sáttmáli við Guð um þúsund ár. og heimsins ráð sem brugga vondir menn,

Hvað jafnast á við andardráttinn þinn? já, vita eitthvað anda hér á jörð  
Hve öll sú gleði er fyr naut hugur minn er ofar standi minni þakkargjörð  
er orðin hljómlaus utangátta og tóm, í stundareilífið eina sumarnótt.  
hjá undrinu að heyra þennan róm, Ó, alheimsljós, ó, mynd sem hverfur skjótt.

*Jón Norðdal - Halldór Laxness.*

## Faðir vor



### Nú legg ég augun aftur

Nú legg ég augun aftur,  
ó, Guð, þinn náðarkraftur  
mín veri vörn í nótt.  
Æ, virst mig að þér taka,  
mér yfir láttu vaka  
þinn engil, svo ég sofi rótt.

*Peter Caspar Krossing - Sveinbjörn Egilsson.*

### Ég fel í forsjá þína

Ég fel í forsjá þína,  
Guð faðir, sálu mína,  
því nú er komin nótt.  
Um ljósið lát mig dreyma  
og ljúfa engla geyma  
öll börnin þín, svo blundi rótt.

*Peter Caspar Krossing - Matthías Jochumsson.*

## Moldun



### Svefnljóð

Loks er dagsins önn á enda, úti birtan dvín.	Lífið hefur hendur kaldar, hjartaljúfur minn.	Þreyttir hvílast, þögla nóttin þaggar dagsins kvein.
Byrgðu fyrir blökkum skugga þjörtu augun þín.	Allir bera sorg í sefa, sárin blæða inn.	Felur brátt í faðmi sínum fagureygan svein.
Ég skal þerra tár þíns trega, tendra falinn eld,	Tárin falla heit í hljóði, heimur ei þau sér.	Eins og hljóður engill friðar yfir jörðu fer.
svo við getum saman, vinur, syrgt og glaðst í kveld.	Sofna, vinur, svefnljóð meðan syng ég yfir þér.	Sof þú væran, vinur, ég skal vaka yfir þér.

*Magnús Kjartansson - Kristján frá Djúpalæk.*

## Blessun



### Drottinn er minn hirðir

Drottinn er minn hirðir,  
mig mun ekkert breyta.  
Á grænum grundum lætur hann mig hvílast,  
leiðir mig að vötnum, þar sem ég má næðis njóta.  
Hann hressir sál mína,  
leiðir mig að réttan veg fyrir sakir nafns síns.  
Jafnvel þótt ég fari um dimman dal,  
óttast ég ekkert illt, því þú ert hjá mér.  
Sproti þinn og stafur huggar mig.  
Þú býr mér borð frammi fyrir fjendum mínum,  
þú smyr höfuð mitt með olú,  
bikar minn er barmafullur.  
Já, gæfa og náð fylgja mér alla ævidaga mína,  
og í húsi Drottins bý ég langa ævi.  
Drottinn er minn hirðir,  
mig mun ekkert breyta.

*Margrét Scheving - Davíðssálmur 23.*

## Útgöngulag

### Gullnu vængir

Gullnu vængir, á brautu þið berið  
bjartar hugsanir vorar, upp svo hátt.  
Tefjið ekki en vonglaðir verið  
veitir sólgeislalylur þeim mátt.  
Helgra staða þið leitið í heitri þrá,  
hjartna svölun í draumsýn er lokast brá.  
Góða harpa, með tóna svo tæra,  
tign og veldi ljáðu hugar glóð.

Þú mátt alheimi fögnuðinn færa,  
frið og unaðinn veitirðu þjóðum.  
Þú mátt alheimi fögnuðinn færa,  
frið og unaðinn berð hverri þjóð.  
Deyfðu sorgir á sárustu stundu.  
Sálir dáleiddu, tónfagra gígja.  
Döprum hugum, er fjársjóð þann fundu,  
færðu svölun og bjartsýni á ný.

Undratónn, svo margur hugfanginn hlýðir þig á.  
Boðskapur þinn mun að síðustu sigrinum ná,  
sigri ná.

*G. Verdi - Halldór Jörgensson.*



Prestur: Séra Svavar A. Jónsson  
Organisti og Harmonika: Valmar Völjaots  
Söngur: Óskar Pétursson og Ívar Helgason

*Ástvinir þakka auðsýnda samúð og hlýbug.*